

Nefndasvið Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. júní 2015

**Efni: Umsögn og ábendingar um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (nauðasamningar), 787. mál.**

Með umsögn Indefence frá 17. júní 2015 um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (nauðasamningar), 787. mál, var gerð tillaga um að settir yrðu varnaglar varðandi mat og samþykkt stöðuleikaskilyrða. Hér er ætlunin að gera nánar grein fyrir þessum varnöglum.

Ákvörðunartaka um hvað telst fullnægjandi m.t.t. stöðuleika í gengis- og peningamálum og hvaða áhrif það hefur á þjóðarþúið byggir m.a. á greiningu greiðslujafnaðar (e. Balance of Payment). Greiðslujafnaðargreining byggir hins vegar á forsendum og spám til langs tíma, m.a. um líklega þróun mikilvægra þátta hagkerfisins eins og einkaneyslu, fjárfestingu, hagvöxt o.f.l. auk mats á þeirri áhættu sem Ísland stendur frami fyrir. Slíkt mat er eðli máls samkvæmt skeikult. Ákvörðunartaka, byggð á slíkri greiningu og mat á undirliggjandi forsendum, mun engu að síður hafa víðtæk langtímaáhrif á íslenskt efnahagslíf og líf skjör.

Síðastliðinn föstudag birti AGS stöðumat sitt fyrir Ísland[1], þar sem framkvæmdastjórn AGS lagði áherslu á að afnámsferlið yrði vandlega stillt af með tilliti til erlendrar stöðu þjóðarþúsins og fjármálastöðugleika. Þar kemur einnig fram að á næstu árum gefst lítið svigrúm til þess að vinna á snjóhengjunni, eða innan við 20% af landsframleiðslu, samanborðið við snjóhengju upp á 67%. AGS varar ennfremur við því að í spá sinni er ekki að fullu tekið tillit til þeirra áhættu sem Ísland stendur frammi fyrir. Jafnframt taka AGS fram að spá þeirra sé ekki eins bjartsýn og grunnsþá stjórnvalda.

Of bjartsýn spá mun leiða til mildari stöðugleikaskilyrða stjórnvalda og því skilja eftir áhættu fyrir Ísland. Matskenndar spár eru því ein tegund áhættu sem Ísland stendur frammi fyrir þegar framkvæma á stöðugleikamatið. Í þessu samhengi er rétt að rifja upp skriflega umsögn Seðlabanka Íslands um Icesave samningana frá 15. júlí, 2009[2] þar sem meginniðurstaðan var: „Þjóðarþúið verður fyllilega fært um að standa undir Icesave-samningunum.“

Í ljósi gríðarlegra hagsmuna þjóðarinnar í þessu máli og þeirri hættu sem matskenndar forsendur gætu skapað í niðurstöðu greiðslujafnaðargreiningar, teljum við mikilvægt að tryggja sem vandasta rýni á þessum forsendum. Það er í raun ótækt að löggjafinn komi þar ekki nærri. Sagan ætti að kenna okkur að betur sjá augu en auga. Vönduð framkvæmd og fullnægjandi rýni vegna mesta hagsmunamáls íslensks almennings yrði betur tryggt með

úrskurð löggjafans eða efnahags- og viðskiptanefndar á því hvað teljast fullnægjandi stöðuleikaskilyrði, að undangenginni kynningu Seðlabanka Íslands. Í þessu samhengi er rétt að benda á að samþykkt nauðsamninga felur í raun í sér undanþágu frá fyrirhuguðum skatti og því eðlilegt að slík ákvörðun sé í höndum löggjafans.

Virðingarfyllst,

---

Agnar Helgason

---

Davíð Blöndal

---

Ólafur Elíasson

---

Ragnar F. Ólafsson

Heimildir:

[1] <https://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2015/cr15160.pdf>

[2] <http://sedlabanki.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2009/07/15/Skrifleg-ums%C3%B6gn-Se%C3%B0labanka-%C3%8Dslands-um-lcesave-samningana-og-uppl%C3%BDsingar-um-grei%C3%B0slubyr%C3%B0i-af-erlendum-l%C3%A1num/>